



Borgarráð,
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Bréf

Yðar tilvísun: Mál nr. R21020147

BORGARRÁÐ 18. febrúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skýrslu um frumdrög að fyrstu lotu borgarlínu - R21020147,

Þann 4. febrúar s.l. var gefin út skýrsla sem ber heitið: „Borgarlínan frumdrög að fyrstu lotu“. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í skýrslunni voru 12 aðilar í séstöku „verkefnateymi“ við gerð hennar auk tveggja almannatengslaskrifstofa. Einn aðili var fenginn til að sjá um teikningar í skýrslunni. Á þessum grunni eru eftirfarandi spurningar lagðar fram: 1. Hvað kostaði skýrslan í heild sinni tæmandi talið sundurliðað eftir vinnustundum hvers og eins auk verktakagreiðslna og útboðs? (Ef útboðsleiðin hefur verið farin) Verkefnateymið var skipað á þann hátt að þrír aðilar eru á vegum Reykjavíkurborgar, þrír aðilar frá Vegagerðinni einn aðili frá Kópavogsbæ, einn frá Strætó, tveir frá verkfræðistofum og tveir frá VSÓ Ráðgjöf. 1. Hversu margar vinnustundir liggja til grundvallar skýrslugerðinni hjá þeim átta aðilum sem sátu í verkefnateyminu frá hinu opinbera sundurliðað eftir aðilum? 2. Hvernig voru þeir utanaðkomandi aðilar valdir sem unnu að frumdrögunum/skýrslunni? 3. Var farið í útboð? 4. Ef nei – hvers vegna ekki? 5. Hvar var greitt til Verkfræðistofunnar Hnit? 6. Hvað var greitt til VSÓ Ráðgjafar? 7. Hvað var greitt til Almannatengslafyrirtækisins Athygli? 8. Hvað var greitt til Hönnunarstofunnar Kolofon? 9. Hvað var greitt til Snorra Eldjárns teiknara?

SVAR:

1. Skýrslan er afurð af vinnslu frumdraga frá því seint á árinu 2019 og kostnaður við þá vinnu nam kr. 135.892.581.- um síðustu áramót samkvæmt minnisblaði KPMG fyrir SSH. Megin þungi kostnaðarins var kominn fram á þeim tímapunkti.

Ekki liggur fyrir yfirlit um nákvæmar vinnustundir teymisins en verkefnið stóð straum að launakostnaði þeirra aðila sem komu frá eigendum - Vegagerðinni, Reykjavíkurborg og Kópavogsbæjar, á tímabilinu byrjun desember 2019 – lok desember 2020.

Frá Vegagerðinni komu einn aðili í hönnunarteymið auk þess sá stofnunin um alla aðstöðusköpun. Kostnaður vegna þessa er kr. 10.073.523.-

Frá Reykjavíkurborg komu tveir aðilar í hönnunarteymið. Kostnaður vegna þeirra er kr. 14.055.246.-

- Frá Kópavogi kom einn aðili í hönnunarteymið. Kostnaður vegna hans er kr. 6.789.918.-
2. Leitað var tilboða fyrir utanaðkomandi aðila í gegnum rammisamningi Ríkiskaupa.
 3. Já
 4. Á ekki við
 5. Frá Hnit kom einn aðili í hönnunarteymið. Kostnaður vegna hans var 20.407.650.-
 6. Frá VSÓ komu tveir aðilar í hönnunarteymið. Kostnaður vegna þeirra var kr. 35.336.100.-
 7. Athygli fékk greitt kr. 3.283.063.- fyrir textavinnslu og prófarkalestur.
 8. Kolofon fékk greitt kr. 18.835.300.- fyrir myndvinnslu, uppsetningu og útgáfu.
 9. Snorri Eldjárn fékk greiddar kr. 1.991.000.- fyrir teikningar.

Síða 2/2

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar/Borgarlínu
Sunna Björg Reynisdóttir & Hrafnkell
Proppé